



Byggðastofnun

Sigurður Guðmundsson

forstöðumaður þróunarsviðs

Hugleiðingar um landbúnað


Grein þessi byggir á erindi sem höfundur flutti á
aðalfundi félagsins Bændasynir hf á Eyrarbakka 29.
september 1990.

Í þessari grein verða gerðar að umræðuefni nokkrar upplýsingar um ástand og þróun í þeim héruðum landsins þar sem landbúnaðurinn er mikilvægastur. Þar næst verður fjallað nokkrum orðum um stöðu sauðfjárræktarinnar og þá horft sérstaklega til þess að þar er framundan verulegur samdráttur. Að síðustu verður rætt um þá framtíðarmynd sem sjá má af byggðaþróun í sveitum landsins.

Staða landbúnaðarins

Fyrsta myndin sýnir þróun ársverka í landbúnaði. Nýjustu tölurnar eru að vísu einungis fyrir árið 1988 og þær eru alveg nýjar. Því miður eru upplýsingar um vinnumarkaðinn á Íslandi ekki vandaðri en þetta.

Mynd 1 Ársverk í landbúnaði




Þróun landbúnaðarins undanfarin ár er auðsæ. Ársverkum í greininni fer stöðugt fækkandi. Hækkunin sem virðist vera milli 1985 og 1986 er sennilega frekar vegna breyttra vinnureglna en raunverulegrar aukningar. Þess verður einnig að geta í þessu sambandi að á þeim tíma sem myndin sýnir hafa nýjar atvinnugreinar bæst við í þann flokk sem gengur undir nafninu landbúnaður í hagskýrslum. Má þar nefna fiskeldi og loðdýrækt. Aðrar greinar landbúnaðar hafa verið í vexti svo sem garðrækt, skógrækt og fleira. Fækkun starfa í hinum hefðbundnu greinum landbúnaðar er því meiri en þessi mynd sýnir.

Á sama tíma hefur verið vöxtur í öðrum greinum atvinnu á Íslandi ef frá er skilið árið 1988 en þá varð samdráttur í atvinnu eins og kunnugt er. Þetta sést mjög skýrt á mynd 2 en hún sýnir hlut landbúnaðarins í atvinnulífi landsmanna samtals.

Báðar þessar myndir sýna þróun sem hefur undantekningarlaust átt sér stað í hinum þróaða hluta heimsins. Framleiðniaukning landbúnaðarins hefur verið miklu örrari en neysluaukningin með þessari afleiðingu. Þessi þróun hefur átt sér stað fyrr annars staðar og víða er hlutur landbúnaðarins minni en hér á landi. Það sem þetta vill segja varðandi þátt landbúnaðarins til að halda uppi búsetu í landinu er að hann hlýtur að fara minnkandi. Um þetta verður fjallað hér á eftir.

Mynd 2 Hlutfall ársverka í landbúnaði




Sveitahéruðin


Ekki er til einhlít skýring á því hvaða héruð landsins það eru sem kalla mætti landbúnaðar- eða sveitahéruð. Sú skilgreining sem hér verður notuð eru allir þeir hreppar á landinu þar sem minna en þriðjungur íbúanna býr í þéttbýli. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir fjallar um þau sveitarfélög á landinu samtals sem uppfylla það skilyrði.

Mynd 3 sýnir íbúapróunina á þessu landsvæði. Hún hefur verið hrein og bein frá árinu 1974. Frá þeim tíma hefur íbúum í sveit fækkað úr tuttugu þúsundum í hálf tautjanda. Það vekur athygli við þessa mynd að þau miklu umskipti í byggðapróun sem urðu um 1980 virðast ekki hafa haft mikil áhrif á sveitirnar. Á það hefur enda verið bent að sú byggðaröskun sem nú gengur yfir snýr fyrst og fremst að þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar.

Mynd 3 Landbúnaðarhéruð - Íbúafjöldi




Mynd 4 Landbúnaðarhéruð - Aldursskipting 1/1 1990



Mynd 4 sýnir aldursskiptinguna fyrir umrædd sveitarfélög. Á gráa svæðinu sést aldursskiptingu þjóðarinnar til samanburðar. Þar sem gráa svæðið nær út fyrir svörtu línurnar eru landsmenn hlutfallslega fleiri en sveitamenn. Mikilvægustu atriðin sem þessi mynd sýnir eru þau umskipti sem verða á aldursskiptingunni eftir tvítugt hjá konum en fimm árum síðar hjá körlunum. Karlar eru fleiri en konur í sveitahéruðunum. Þetta er einkum mikilvægt í elstu aldursflokkunum. Það sem myndin sýnir er alþjóðlegt fyrirbæri. Fólk flytur burtu þegar það hefur búsetu. Konur flytja meira og fyrr en karlar. Þeir taka við búunum og eru oftast einbúar en konurnar. Hingað til hefur hlutfall barna í sveitum verið hátt en þessi mynd virðist benda til þess að breyting sé að verða þar á einnig og yngstu börnin eru færri en hjá þjóðinni.


Mynd 5 Landbúnaðarhéruð - Ársverk 1981-1988



Mynd 5 sýnir atvinnuþróun og atvinnuskiptingu í sveitum landsins. Atvinnuþróunin er ekki eins neikvæð og íbúaþróunin. Atvinnuþátttaka í sveitunum hefur aukist eins og í

þéttbýlinu. Á mynd 6 er staðan á árinu 1988 sýnd nánar. Það sem vekur athygli á þessari mynd er að landbúnaðurinn er ekki eina atvinnugreinin í sveitunum þótt hún sé stærst. Aðrar atvinnugreinar hafa vaxið þar einnig og raunar töluvert. Af rúmlega fimm þúsund ársverkum í landbúnaði á landinu eru rúmlega fjögur þúsund unnin í dreifbýlishreppunum sem sumir kalla. En eins og sjá má af myndinni er töluvert um aðra atvinnustarfsemi í hinum dreifðu byggðum.

Mynd 6 Landbúnaðarhéruð - Ársverk eftir atvinnuvegum 1988



Enda þótt landbúnaðarframleiðsla skapi stærstan hluta af undirstöðu búsetu í sveitahreppunum er þar að finna ýmsa aðra starfsemi. Sumt af því er háð frumframleiðslunni en annað byggir á öðrum forsendum.

Sauðfjárræktin

Á undanförunum árum hafa vandamál landbúnaðarins verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu. Þetta er eðlilegt og á sér margar ástæður. Hér verður einungis fjallað um sauðfjárræktina en það er jú hún sem enn stendur frammi fyrir samdrætti. Því er fjarri lagi að menn séu sammála um það með hvaða hætti standa skuli að samdrættinum en eru að verða sammála um að hann sé óumflýjanlegur.

Sá skipulagði samdráttur í sauðfjárrækt sem þegar hefur farið fram hefur í stórum dráttum verið þannig að allir framleiðendur hafa tekið hann á sig jafn en þeir stóru þó hlutfallslega meira. Slík aðgerð á sér að sjálfsögðu sín takmörk og mikil hætta er á að hún leiði til nokkurs óréttlætis. Margir telja raunar að mesta óréttlætið felist í því að gefa ekki þeim kost á að framleiða mest sem gera það ódýrast.

Að því gefnu að opinberir aðilar eigi að hafa afskipti af því hversu mikið magn er framleitt af afurðum sauðfjárins þurfa menn að koma sér saman um það hvernig framleiðslunni sé stjórnað. Í því sambandi er oft um það rætt hversu miklu hún skipti í einstökum héruðum og að það eigi að hafa áhrif á skipulagningu framleiðslunnar, þ.e. hvar fé skuli fækkað og hvar ekki.


Ekki er til einhlítt svar við þessu en á mynd 7 er fyrsta tilraun til að finna þau landsvæði þar sem sauðfjárræktin skiptir mestu. Á myndinni hefur fullvirðisrétti í sauðfjárrækt verið deilt niður á ársverk sem unnin eru í landbúnaði í viðkomandi sveitarfélagi. Þar sem niðurstaðan er há tala skiptir sauðfjárræktin væntanlega miklu en þar sem talan er lág skiptir hún litlu - innan landbúnaðarins. Landið skiptist mjög eindregið með tilliti til

þessa mælikvarða. Norðausturhornið sker sig úr með tilliti til mikilvægis sauðfjárræktarinnar. Hið sama gildir um suðausturland, sunnanverða Vestfirði, Dalasýslu og Húnaflóa. Annars staðar skiptir sauðfjárræktin minna máli.

Menn geta velt fyrir sér hvaða niðurstöðu eigi að draga af þeim upplýsingum sem þarna er verið að sýna. Fyrir dyrum stendur að ganga lengra í þessu mati, skoða hversu mikil vinna er að baki hverju ærgildi og reikna síðan fjölda ársverka í sauðfjárræktinni sérstaklega og sjá hversu mikill hluti sú vinna er af allri vinnu sem unnin er í viðkomandi sveitarfélagi. Þannig er hægt að komast nær mati á mikilvægi sauðfjárræktarinnar fyrir viðkomandi byggðarlög.


Að sjálfsgöðu koma mörg önnur atriði til athugunar en þetta eina þegar meta skal hvar fækka skuli sauðfé þannig að það valdi minnstum skaða. Af mikilvægum atriðum má nefna spurninguna um landgæði. Til þess að hægt sé að réttlæta áframhaldandi sauðfjárrækt á viðkomandi svæði þarf það að vera hægt landsins vegna. Ef svo er ekki skiptir ekki máli hvort þessi búskapur er mikilvægur eða ekki. Þá skortir náttúrulegar forsendur. Önnur mikilvæg forsenda er að sauðfjárræktin, og raunar ekki síður mjólkurframleiðslan, verður að skapa samfellur - ef svo má að orði komast - sem gera kleyft að reka nauðsynlegar afurðastöðvar með eðlilegum hætti. Það er ekki hægt að skipuleggja framleiðslu sem samtals er minni en svo að hún geti haldið sláturhúsum og mjólkurstöðvum gangandi.

Mynd 7 Ærgildi á ársverk í landbúnaði



Annað atriði varðandi sauðfjárræktina er mikilvægt. Almennt er litið á sauðfjárrækt sem atvinnugrein og gengið út frá því við aðgerðir varðandi greinina að þeir sem hana stunda hafi af því lífsviðurværi. Reiknað hefur verið út að svo og svo margar kindur þurfi til að vinna við þær sé eitt ársverk eða svo mikið að nægi til framfærslu venjulegrar fjölskyldu í sveit. En hvað gerist ef litið er á stærðardreifingu þeirra sem hafa einhvern fullvirðisrétt í sauðfjárræktinni.

Mynd 8 Dreifing fullvirðisréttar eftir bústærð



Mynd 8 á að sýna þetta. Þetta er svokölluð Lorenz-kúrfa. Hún er búin til með því að raða öllum fullvirðisréttarhöfðunum í röð eftir því hvað þeir hafa mikinn rétt frá þeim sem minnst hefur til þess sem mestan rétt hefur og skoða svo skiptingu á hlutfallslegum fjölda framleiðenda annars vegar og hlutfalli framleiðslunnar hins vegar. Ef allir framleiðendur væru jafnstórir mundi hornalínan sýna dreifinguna. Eftir því sem bogalínan er lengra frá hornalínunni þeim mun meiri ójöfnuður er í dreifingunni.

Á myndinni má sjá að sá helmingur framleiðendanna sem hefur minnstan fullvirðisrétt er einungis með fimmtapart (18,4%) af heildarfullvirðisréttinum. Fimmtungur framleiðenda með mestan rétt sér um helming framleiðslunnar. Þessu er ekki nærri því svona farið með fullvirðisrétt í mjólk. Þegar greinarnar eru lagðar saman verður myndin aftur líkari þessari vegna þess hvað margir framleiðendur eru bara með fáar kindur og engan búskap annan.

Inn á myndina er búið að merkja hversu stóran bústofn um er að ræða. Rúmur þriðjungur framleiðenda er með innan við 100 ærgildi. Einungis um 8% er með yfir 400.

Þar er raunar komið að mjög mikilvægu atriði. Opinberar aðgerðir hafa miðast við að þeir sem sauðfjárrækt stunda hafi af henni lífsviðurværi. Staðreyndirnar sýna að svo er ekki. Langflestir þeirra sem þessa atvinnugrein stunda hafa jafnframt viðurværi af öðru eða lifa í fátækt ella. Vitað er um dæmi þess en það er ekki dæmigert að svo sé.

Niðurstöður

Hér hefur verið tæpt á nokkrum atriðum varðandi stöðu sveitabyggðarinnar í landinu. Landsbyggðin stendur frammi fyrir miklum vanda. Áframhaldandi mannfækkun leiðir til þess að sífellt erfiðara verður að reka ýmiss konar þjónusta sem í dag er talin nauðsynleg. Ef þessi þjónusta er ekki fyrir hendi vill fólk ekki búa á viðkomandi stað og það er jafnframt vítahringur því þjónustan skapar störf sem eru annars konar en hinar einhæfu frumvinnslugreinar.

Fjöldi starfa í hefðbundnum landbúnaðargreinum mun fara minnkandi. Að hluta til gerist það með því að ekki koma aðrir í stað bænda sem hætta búskap. Að baki öllum þeim aðgerðum sem framkvæmdar eru til stuðnings landbúnaði í nágrannalöndunum er að þær séu tímabundnar af þessum ástæðum og vegna þess að of ör aðlögun landbún-

aðarframleiðslunnar að tæknivæðing skapi félagsleg vandamál. Þetta hefur svo gleymst í tímans rás og stuðningsaðgerðirnar fara að lifa sínu eigin lífi. Þetta þýðir að ef menn vilja halda sveitahéruðunum í blómlegri byggð þarf að leita að nýsköpun sem getur skapað nýjan grundvöll fyrir dreifðri búsetu. Það verk er ekki auðvelt og stjórnvöld geta afar lítið gert til þess að stuðla að slíkri nýsköpun. Hún verður að koma innan frá.

Landbúnaði hér á landi verður ekki haldið uppi vegna mikilvægis fyrir búsetuna eina sér enda getur hún ekki talist svo mikilvægt markmið í sjálfu sér að stórkostlegum fjármunum sé til þess varið. Til þess verða að vera aðrar ástæður. Hið sama gildir um alla þá starfsemi sem byggir beint og óbeint á landbúnaðarframleiðslunni. Það verða að vera skynsamlegar efnahagslegar forsendur fyrir efnahagsstarfseminni og ég vona að þeir sem atvinnu sína stunda í sveitabyggðum landsins líti svo á að þeir séu hluti af henni.